



Reykjavík, 26. janúar 2023

## Varðar: Kjartansgata 9 – erindi frá byggingafulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. janúar 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingafulltrúa frá 10. janúar 2023 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að breyta bílskúr í eigu íbúðar 0101, mhl. 70, í stúdíóíbúð á lóð nr. 9 við Kjartansgötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin á Kjartansgötu 9 staðsett á íbúðarsvæði, ÍB13 Norðurmýri.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 9 við Kjartansgötu er steinsteypt þríbýlishús, byggt árið 1939 skv. fasteignaskrá. Óskað er álls skipulagsfulltrúa á hvort heimilt sé að breyta bílskúr á lóð, sem tilheyrir íbúð 0101, í íbúð.

Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð í íbúð. Heildarendurskoðun á skipulagi hverfisins í formi hverfisskipulags gæti mögulega opnað fyrir rýmri heimildir fyrir breytingum af þessu tagi. Sú vinna er ekki farin af stað í þessum hverfishluta. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við að breyta bílskúrum í vinnustofur, með salerni og kaffiaðstöðu.

## Niðurstaða

- Ekki er heimilt að breyta bílskúr á lóð nr. 9 við Kjartansgötu, í íbúð.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri